

Úrskurður 2/2007

Kærður er úrskurður tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda vegna innflutnings á gúmmífrauðdúk sem notaður er sem undirlag fyrir gólfefni. Kærandi krefst þess að úrskurðurinn verði felldur úr gildi. Ríkistollanefnd féllst á kröfur kæranda í málinu.

Með bréfi, dags. 31. júlí 2007, kærir L., fyrir hönd P, úrskurð tollstjóra nr. 17/2007. Í nefndum úrskurði eru endurákvörðuð gjöld af 19 vörusendingum sem fluttar voru til landsins á árunum 2003 til 2005. Sendingarnar innihéldu gúmmífrauðdúk sem ætlað er sem undirlag fyrir gólfefni s.s. parket. Tollstjóri breytir flokkun vörunnar úr tnr. 4008.1109 í tnr. 4008.1101. Tollstjóri endurákvæðar innflytjanda gjöld þannig að vangreidd aðflutningsgjöld ásamt dráttarvöxtum nema kr. 4.924.891. Kærandi greiddi gjöldin með fyrirvara og krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi og varan flokkuð í tnr. 4008.1109 eða 4808.2109.

Í hinum kærða úrskurði tollstjóra segir m.a. að með bréfi, dags. 23.03.2007, hafi innflytjanda verið tilkynnt að til þess gæti komið að embættið endurákvæðaði aðflutningsgjöld af innfluttri vöru sem hafi verið gólfundirlag undir parket, flísar o.þ.h. og verið ranglega tollflokkuð. Varan var flutt til landsins í eftirtöldum sendingum:

E DET 25 08 3 DE HAM W029	E DET 07 12 4 DE HAM W088
E BRU 06 10 3 GB IMM W402	E SEL 14 02 5 GB IMM W403
E SEL 22 12 3 GB IMM W415	E GOD 02 03 5 DE HAM W111
E GOD 26 01 4 DE HAM W101	E SEL 28 02 5 GB IMM W442
E SEL 15 03 4 GB IMM W410	E REB 25 04 5 GB IMM W415
E LAG 17 05 4 GB IMM W411	E SEL 06 06 5 GB IMM W417
E SEL 30 08 4 GB IMM W407	E DET 26 07 5 DE HAM W085
E DET 29 09 4 DE HAM W077	E LAG 19 09 5 GB IMM W413
E LAG 20 09 4 GB IMM W417	E SEL 24 10 5 GB IMM W424
E LAG 29 11 4 GB IMM W407	

Fyrirhuguð endurákvörðun byggðist á þeim ástæðum að innflutt vara sem er gólfundirlag undir parket, flísar o.þ.h. var ranglega tollflokkað.

E DET 25 08 3 DE HAM W029

Samkvæmt vörureikningi (Commercial Invoice) númer 90024797, dags. 18.08.2003, kemur fram eftirfarandi varningur:

DemTec Stand. Bodenbel. 03x1000x20000mm, 36 stk. Verðmæti EUR 2721,60, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

DamTec-Rubber 03x1000x20000mm, 30 stk. Verðmæti EUR 2178,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt

E BRU 06 10 3 GB IMM W402.

Samkvæmt vörureikningi númer 142499, dags. 26.09.2003, kemur fram eftirfarandi varningur:

Duratex 11 x 1.37, 300 stk. Verðmæti GBP 5559,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E SEL 22 12 3 GB IMM W415.

Samkvæmt vörureikningi númer 175444, dags. 17.??2003, kemur fram eftirfarandi varningur:

Duratex 11 x 1.37, 300 stk. Verðmæti GBP 5559,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E GOD 26 01 4 DE HAM W101.

Samkvæmt vörureikningi (Commercial Invoice) númer 90031330, dags. 20.01.2004, kemur fram eftirfarandi varningur:

DemTec Stand. Bodenbel. 03x1000x20000mm, 36 stk. Verðmæti EUR 2721,60, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

DamTec-Rubber 03x1000x20000mm, 30 stk. Verðmæti EUR 2178,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E SEL 15 03 4 GB IMM W410.

Samkvæmt vörureikningi númer 210730, dags. 10.03.2004, kemur fram eftirfarandi varningur:

Duratex 11 x 1.37, 300 stk. Verðmæti GBP 5559,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E LAG 17 05 4 GB IMM W411.

Samkvæmt vörureikningi númer 236484, dags. 11.05.2004, kemur fram eftirfarandi varningur:

Duratex 11 x 1.37, 300 stk. Verðmæti GBP 5559,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E SEL 30 08 4 GB IMM W407.

Samkvæmt vörureikningi númer 829193, dags. 24.08.2004, kemur fram eftirfarandi varningur:

Duratex 11 x 1.37, 150 stk. Verðmæti GBP 3000,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Multitex 14.6 x .685, 225 stk. Verðmæti GBP 2992,50, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E DET 29 09 4 DE HAM W077.

Samkvæmt vörureikningi (Commercial Invoice) númer 90039774, dags. 01.09.2004, kemur fram eftirfarandi varningur:

DemTec Stand. Bodenbel. 03x1000x20000mm, 66 stk. Verðmæti EUR 1663,20, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

DamTec-Rubber 03x1000x20000mm, 55 stk. Verðmæti EUR 1331,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E LAG 20 09 4 GB IMM W417.

Samkvæmt vörureikningi númer 836763, dags. 15.09.2004, kemur fram eftirfarandi varningur:

Duratex 11 x 1.37, 150 stk. Verðmæti GBP 3000,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Multitex 14.6 x .685, 225 stk. Verðmæti GBP 2992,50, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E LAG 29 11 4 GB IMM W407.

Samkvæmt vörureikningi númer 864822, dags. 23.11.2004, kemur fram eftirfarandi varningur:

Multitex 14.6 x .685, 500 stk. Verðmæti GBP 6950,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E DET 07 12 4 DE HAM W088.

Samkvæmt vörureikningi (Commercial Invoice) (númer 90043946, dags. 30.11.2004, kemur fram eftirfarandi varningur:

DamTec-Rubber 03x1000x20000mm, 121 stk. Verðmæti EUR 6025,80, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E SEL 14 02 5 GB IMM W403.

Samkvæmt vörureikningi númer 888521, dags. 07.02.2005, kemur fram eftirfarandi varningur:

Multitex 14.6 x .685, 600 stk. Verðmæti GBP 8340,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-1109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E GOD 02 03 5 DE HAM W111.

Samkvæmt vörureikningi (Commercial Invoice) númer 90048757, dags. 21.02.2005, kemur fram eftirfarandi varningur:

DamTec-Rubber 03x1000x2000mm, 121 stk. Verðmæti tollafgreitt EUR 6025,80, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-1109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E SEL 28 02 5 GB IMM W442.

Samkvæmt vörureikningi númer 893916, dags. 23.02.2005, kemur fram eftirfarandi varningur:

Multitex 14.6 x .685, 600 stk. Verðmæti GBP 8340,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-1109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E REB 25 04 5 GB IMM W415.

Samkvæmt vörureikningi númer 911055, dags. 20.04.2005, kemur fram eftirfarandi varningur:

Multitex 14.6 x .685, 600 stk. Verðmæti GBP 9060,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E SEL 06 06 5GB IMM W417.

Samkvæmt vörureikningi númer 922864, dags. 01.06.2005, kemur fram eftirfarandi varningur:

Multitex 14.6 x .685, 600 stk. Verðmæti GBP 9060,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E DET 26 07 5 DE HAM W085.

Samkvæmt vörureikningi (Commercial Invoice) númer 90055123, dags. 13.07.2005, kemur fram eftirfarandi varningur:

DamTec-Rubber 03x1000x2000mm, 121 stk. Verðmæti EUR 6025,80, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-1109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E LAG 19 09 5 GB IMM W413.

Samkvæmt vörureikningi númer 954058, dags. 15.09.2005, kemur fram eftirfarandi varningur:

Multitex 14.6 x .685, 600 stk. Verðmæti GBP 9060,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-2109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

E SEL 24 10 5 GB IMM W424.

Samkvæmt vörureikningi númer 965025, dags. 20.10.2005, kemur fram eftirfarandi varningur:

Multitex 14.6 x .685, 600 stk. Verðmæti GBP 9060,00, innflytjandi tollflokkar varninginn í tollnúmer 4008-1109 en á að vera tollnúmer 4008-1101 að mati endurskoðunardeildar.

Gjaldamunur er:

Tollnúmer 4008-2109 ber 0% toll og 24,5% virðisaukaskatt.

Tollnúmer 4008-1101 ber 5% A toll, 0% E toll, 15% vörugjald og 24,5% virðisaukaskatt.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að innflytjanda hafi verið gefinn frestur til 10. apríl 2007 til andmæla og framlagningar gagna, eftir því sem við gæti átt. Andmæli bárust innan tímamarka frá umboðsmanni innflytjanda. Umboðsmaðurinn mótmælir fyrirhugaðri endurákvörðun aðflutningsgjalda m.a. með þeim rökum að slíkt stríði gegn almennum stjórnsýslulögum, þ.m.t. jafnræðisreglunni og bendir hann á að slíkar afturvirkar ákvarðanir séu andstæðar venjum og lögum í dag og vísar hann til ákvæða stjórnarskrár Íslands hvað þetta varðar.

Þá bendir umboðsmaðurinn á að allir þeir innflytjendur sem stunduðu innflutning á þeim vörum sem hér um ræðir hafi verið í góðri trú þess efnis að vörur þessar væru rétt afgreiddar hvað tollflokkun varðar. Með athafnaleysi sínu má segja að tollyfirvöld hafi samþykkt tollafgreiðslur þessar, og þar með viðurkennt tollflokkun þessara fyrirtækja.

Jafnframt bendir umboðsmaðurinn á að ákvörðun um tollflokk geti verið matskennd, m.a. þar sem lýsing tollyfirvalda geti ekki verið 100% nákvæm, og matsatriði hvort ákveðin vara eigi undir þennan tollflokkin eða hinn. Þ. geti ekki borið hallann af lýsingu tollflokka og að mat á slíku geti breyst í tímans rás. Vörur taki líka breytingum í tímans rás og því geti tollflokkin breyst með breytingum á vöru og vörubrún.

Ennfremur bendir umboðsmaðurinn á að endurákvörðun yrði mjög íþyngjandi enda engin von að fyrirtæki geti komið hækkun á tollum inn í vöruverð eftir að varan sé seld. Ekki sé því jafnræði með tollyfirvöldum og innflytjendum hvað þetta varðar, þ.e. þar sem hinn aðilinn hafi ákveðna lagaheimild til afturvirkar ákvörðunar en innflytjendur ekki.

Því er fyrst til að svara að þær aðflutningsskýrslur sem um ræðir í máli þessu voru allar tollafgreiddar rafrænt (SMT). Í þeim tilvikum berast tollstjóra engin bókhaldsgögn og á því sér ekki stað nein skoðun á þeim fyrir tollafgreiðslu, nema í þeim tilvikum þegar tollstjóri kallar sérstaklega eftir þeim. Heimildir tollstjóra til endurákvörðunar í slíkum tilvikum nær til 6 ára samkvæmt 111. gr. tollalaga nr. 88/2005. Ekki er því hægt að fallast á að tollstjóri hafi sýnt athafnaleysi í máli þessu og samþykkt með því tollflokkin á þeirri vöru sem hér um ræðir.

Hvað varðar þá mótbáru umboðsmanns félagsins að ákvörðun um tollflokk geti verið matskennd, skal bent á að ef innflytjandi er í óvissu um, í hvaða tollflokki vara á að fara getur hann sótt um bindandi álit um tollflokkin á viðkomandi vöru til tollstjóra, sbr. 21. gr. tollalaga nr. 88/2005.

Með hliðsjón af því sem rakið er að framan og þeim rökum er fram koma í fyrirhuguðum úrskurði tollstjóra um endurákvörðun aðflutningsgjalda, þykir ekki tilefni til að fallast á andmæli umboðsmanns félagsins. Boðaðar breytingar koma því til framkvæmda með úrskurði þessum.

Síðan segir í hinum kærða úrskurði að embættið telji að aðflutningsgjöld af umræddum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Því hafi verið ákveðið að endurávarða aðflutningsgjöld af umræddum sendingum í samræmi við 3. tl. 5. mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987.

E DET 25 08 3 DE HAM W029

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 01.10.2003 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 138.115 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera skv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 84.560 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 158.832 kr.

Dráttarvextir alls 101.470 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 206.747 kr.

E BRU 06 10 3 GB IMM W402

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 10.10.2003 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 198.679 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 121.640 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 228.481 kr.

Dráttarvextir alls 144.853 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 296.295 kr.

E SEL 22 12 3 GB IMM W415

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 06.01.2004 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 198.433 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 121.490 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 228.198 kr.

Dráttarvextir alls 133.877 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 285.132 kr.

E GOD 26 01 4 DE HAM W101

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 28.01.2004 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 145.907 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 89.331 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 167.793 kr.

Dráttarvextir alls 96.355 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 207.572 kr.

E SEL 15 03 4 GB IMM W410

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 05.04.2004 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 202.539 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 124.037 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 232.982 kr.

Dráttarvextir alls 124.785 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 279.211 kr.

E LAG 17 05 4 GB IMM W411

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 01.07.2004 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 205.894 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 126.057 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 236.778 kr.

Dráttarvextir alls 116.046 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 272.987 kr.

E SEL 30 08 4 GB IMM W407

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 30.08.2004 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 217.658 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 133.260 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 250.307 kr.

Dráttarvextir alls 115.838 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 281.747 kr.

E DET 29 09 4 DE HAM W077

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 01.10.2004 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 104.193 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 63.792 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 119.822 kr.

Dráttarvextir alls 53.703 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 133.124 kr.

E LAG 20 09 4 GB IMM W417

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 01.10.2004 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 214.945 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 131.599 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 247.187 kr.

Dráttarvextir alls 110.788 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 274.629 kr.

E LAG 29 11 4 GB IMM W407

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 29.11.2004 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 236.801 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:
XC gjald (vörugjald 15%) alls 144.980 kr.
VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 272.321 kr.
Dráttarvextir alls 114.507 kr.
Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 295.007 kr.

E DET 07 12 4 DE HAM W088

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 08.12.2004 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 163.101 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:
XC gjald (vörugjald 15%) alls 99.858 kr.
VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 187.566 kr.
Dráttarvextir alls 78.052 kr.
Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 202.375 kr.

E SEL 14 02 5 GB IMM W403

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 15.02.2005 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 261.123 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:
XC gjald (vörugjald 15%) alls 159.871 kr.
VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 300.292 kr.
Dráttarvextir alls 114.246 kr.
Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 313.286 kr.

E GOD 02 03 5 DE HAM W111

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 07.03.2005 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 153.076 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:
XC gjald (vörugjald 15%) alls 93.720 kr.
VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 176.038 kr.
Dráttarvextir alls 64.797 kr.
Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 181.479 kr.

E SEL 28 02 5 GB IMM W442

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 22.03.2005 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 259.291 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:
XC gjald (vörugjald 15%) alls 158.749 kr.
VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 298.184 kr.
Dráttarvextir alls 107.230 kr.
Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 304.872 kr.

E REB 25 04 5 GB IMM W415

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 10.05.2005 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 291.428 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 178.425 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 335.142 kr.

Dráttarvextir alls 110.441 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 332.580 kr.

E SEL 06 06 5 GB IMM W417

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 05.07.2005 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 286.720 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 175.543 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 329.728 kr.

Dráttarvextir alls 100.908 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 319.459 kr.

E DET 26 07 5 DE HAM W085

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 09.08.2005 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 151.100 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 92.510 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 173.765 kr.

Dráttarvextir alls 50.534 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 165.709 kr.

E LAG 19 09 5 GB IMM W413

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 21.09.2005 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 275.542 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 168.699 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 316.873 kr.

Dráttarvextir alls 86.155 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 296.185 kr.

E SEL 24 10 5 GB IMM W424

Við tollafgreiðslu vörusendingarinnar þ. 09.11.2005 greiddi innflytjandi VSK (virðisaukaskatt24,5%) alls 263.366 kr.

Aðflutningsgjöld eiga að vera samkv. réttu tollskrárnúmeri:

XC gjald (vörugjald 15%) alls 161.245 kr.

VSK gjald (virðisaukaskattur 24,5%) alls 302.871 kr.

Dráttarvextir alls 75.745 kr.

Mismunur gjalda á ofangreindri vörusendingu alls 276.495 kr.

Þá segir í hinum kærða úrskurði að þar sem fyrrgreindar sendingar voru upphaflega tollafgreiddar fyrir 1. janúar 2006 gildi tollalög nr. 55/1987 um endurákvörðun aðflutningsgjalda, sbr. gildistökuákvæði nýrra tollalaga nr. 88/2005. Eindagi viðbótarfjárhæðar þegar aðflutningsgjöld eru endurákvörðuð er tollafgreiðsludagur vörusendingar, sbr. 2. mgr. 108. gr. tollalaga nr. 55/1987.

Um dráttarvexti fer skv. 3. mgr. 108. gr. tollalaga 55/1987, en þar kemur fram að reikna skuli dráttarvexti á vangreidd aðflutningsgjöld frá og með eindaga og fram að greiðsludegi. Dráttarvextir skulu vera þeir sömu og Seðlabanki Íslands ákveður skv. 6. gr. laga nr. 38/2001, um vexti og verðtryggingu.

Tollstjóri úrskurðar, með vísan til þess sem hér hefur verið rakið, um endurákvörðun aðflutningsgjalda af umræddum sendingum og krefur innflytjanda um kr. 4.924.891,- í vangreidd aðflutningsgjöld

Í kæru lögmanns innflytjanda (þ.e. kæranda) eru málsatvik reifuð, þar segir m.a. að með bréfi tollstjóra, dags. 23. mars 2007, hafi kæranda verið tilkynnt að til þess gæti komið að embættið endurákvörðuði aðflutningsgjöld af nánar tilgreindum sendingum sem kærandi hafði fengið tollafgreiddar á tímabilinu 01.10.2003 til 09.11.2005. Byggðist fyrirhuguð endurákvörðun á því að umræddar vörur hafi verið ranglega tollflokkaðar. Af hálfu kæranda voru send inn andmæli sem dagsett eru 10. apríl 2007 þar sem fyrirhugaðri endurákvörðun var mótmælt og meðal annars vísað í áralanga og athugasemdalausa framkvæmd við tollflokkun á umræddum vörum. Þá var lögð á það áhersla að hvers kyns vafa um tollflokkun bæri að meta kæranda í hag enda ljóst að endurákvörðun aðflutningsgjalda mörg ár aftur í tímann væri afar þyngjandi í garð kæranda.

Með hinum kærða úrskurði voru aðflutningsgjöld af umræddum sendingum endurákvörðuð og kæranda gert að greiða 4.924.891 kr. Sama dag kvað tollstjóri upp annan úrskurð, nr. 18/2007, en samkvæmt þeim úrskurði voru aðflutningsgjöld vegna sendinga sem tollafgreiddar voru á tímabilinu 05.01.2006 til 04.09.2006 endurákvörðuð og kæranda gert að greiða 3.072.211 kr. Í kjölfarið greiddi kærandi gjöldin til tollstjóra. Samhliða greiðslu á umræddri fjárhæð var tollstjóra gerð grein fyrir því að lögmannsstofu hefði verið falið að kæra umrædda úrskurði, og úrskurði í málum tveggja annarra tilgreindra fyrirtækja, til ríkistollanefndar. Áskilinn var réttur til að endurkrefja tollstjóra um greiddar fjárhæðir ásamt dráttarvöxtum.

Þá segir að kærandi hafi flutt inn gúmmífrauð sem notað sé sem undirlag fyrir gólfefni, einkum parket og gólfteppi. Gúmmífrauðið sé flutt inn og selt í rúllum og er af framleiðendum selt sem undirlag (e. „underlay“). Að minnsta kosti allt frá því á níunda áratug síðustu aldar hefur undirlag af þessu tagi verið flutt inn og tollflokkað í tollnúmerin 4008.1109 eða 4808.2109 í tollskrá sem bera eingöngu virðisaukaskatt en hvorki toll né vörugjald. Með hinum kærða úrskurði var komist að niðurstöðu um að undirlagið ætti að flokkast í tollnúmerið 4008-1101, sem ber 5% A toll, 15% vörugjald auk 24,5% virðisaukaskatts.

Fram kemur í kærinni að framlögð séu sýni af vöru þeirri sem hér sé deilt um flokkun á. Þetta séu t.d. efni frá Duratex frá Interfloor Ltd., Nostrakustik Plus frá NOSTRA Handels GmbH og frá Technics frá The Gates Rubber Company Ltd. Öll þessi efni séu úr gúmmí. Kærandi kveðst ekki fara út í lýsingu á mismunandi gæðum og eiginleikum einstakra efna, þau séu öll nefnd „underlay“, og séu ætluð til sambærilegra nota og tollflokkað því eins.

Fyrirgreind tollnúmer eru skilgreind þannig í nágildandi tollskrá:

4008 Plötur, blöð, ræmur, stengur og prófflar, úr vúlkaníseruðu gúmmíi, þó ekki harðgúmmíi:

- Úr holgúmmíi:
- - Plötur, blöð og ræmur:
 - 4008.1101 --- Gólfefni og veggfóður
 - 4008.1109 --- Annað
- ...
- Úr öðru en holgúmmíi:
- -Plötur, blöð og ræmur:
 - 4008.2101 --- Gólfefni og veggfóður
 - 4008.2109 --- Annað

Þá er lögð fram yfirlýsing reynds innflytjanda sem staðfestir að hafa allt frá árinu 1989 starfað við innflutning og sölu á vörum þeim sem um ræðir. Hann hafi verið upphafsmaður þess hér á landi að farið var að nota gúmmíefni sem undirlag í stað annarra fánlegra og nothæfra efna, allt frá þar til gerðum svampi til korksalla eða sands, svo dæmi séu tekin. Í yfirlýsingu hans kemur fram að á þessu nærri tuttugu ára tímabili hafi umrætt efni ávallt verið tollflokkað þannig að það bæri ekki vörugjald, sbr. tollnúmer 4008.1109. Svo hann viti til hafi aldrei verið skipt um tollflokk á umræddu efni eða gerðar athugasemdir af tollayfirvöldum þó svo að vöruskoðanir hafi átt sér stað í tengslum við tollameðferð. Aldrei hafi að honum hvarflað að rangt hafi verið farið með tollflokk.

Fyrirsvarsmenn kæranda hafa sömu sögu að segja s.s. forstjóri E. sem kom til starfa hjá P. á árinu 2003 en hafði áður gegn stjórnunarstöðum hjá B., m.a. sem verslunarstjóri, sölustjóri og innkaupastjóri í þeirri deild sem annaðist innflutning á þeirri vöru sem hér um ræðir. Í öllum tilvikum munu vörurnar hafa verið tollflokkaðar í tollnúmer 4008.1109 eða 4008.2109 en hvorugt númerið ber vörugjöld.

Það athugast að það er einungis á síðustu árum sem farið var að skila aðflutningsskýrslum rafrænt. Lengst af hafi aðflutningsskýrslunum verið skilað skriflega til tollayfirvalda til almennrar tollafgreiðslu. Skýrslunum fylgdu vörureikningar og önnur tilskilin gögn. Lögð eru fram nokkur ljósrit tollskýrslna frá árunum 1997-2000. Með þeim er staðfest það sem fullyrt er í framangreindri yfirlýsingu.

Þá segir í kærinni að samkvæmt 40. gr. stjórnarskrárinnar nr. 33/1944 megi engan skatt á leggja nema með lögum. Ákvæðið tengist 72. gr. stjórnarskrárinnar en samkvæmt henni er eignarrétturinn friðhelgur. Af tilgreindum ákvæðum stjórnarskrárinnar leiðir að lagaheimild til skattlagningar þarf að vera skýr. Íþyngjandi skattalagaákvæði ber að skýra þröngt og í vafatilvikum skattaðila í hag. Þá telur kærandi ljóst að skattlagning verður ekki byggð á matskenndum sjónarmiðum eða túlkunum einstakra handhafa framkvæmdarvaldsins. Líta ber til þessara grundvallarreglna við úrlausn málsins.

Kærandi telur í fyrsta lagi að sú niðurstaða tollstjóra að fella umræddar vörur undir tollnúmerið 4008.1101 en ekki 4008.1109 eða 4008.2109 sé í ósamræmi við orðalag í tollskrá. Kærandi telur ljóst að gúmmíundirlag af því tagi sem deilt er um flokkist samkvæmt almennri málvenju ekki undir gólfefni. Í íslenskri orðabók Eddu sé gólfefni talið vera efni sem gólf er klætt með, t.d. dúkur eða flísar. Er það að mati kæranda í fullkomnu samræmi við almenna notkun þess orðs, þ.e. að það taki til þeirra efna sem ætluð eru til varanlegrar klæðningar á gólfi. Gúmmíundirlagið hafi hvorki verið markaðssett né selt sem gólfefni. Kærandi veit ekki til þess að efni af þessu tagi hafi nokkurs staðar verið notað eitt og sér sem gólfefni enda ljóst að efnið er ekki hannað til slíkra nota. Efnið sé einungis notað sem undirlag og þá undir margvísleg efni sem ágreiningslaust flokkast sem gólfefni, svo sem parket, gólfteppi, gólfdukar ýmis konar, gólfplísar, gólfkork plötur o.s.frv.

Þá segir í kærinni að rökstuðningur tollstjóra í úrskurðinum fyrir því að varan umdeilda skuli tollflokkað sem gólfefni sé afar fábrotin. Lítið sé nægja að vísa til mats endurskoðunardeildar. Endurskoðunardeild sé deild innan tollasviðs í skipuriti úrskurðarvaldsins og hefur því ekki sjálfstæðar valdheimildir. Tilvísunin er hins vegar staðfesting á því að úrskurðurinn sé byggður á matskenndri niðurstöðu einstakra starfsmanna. Þar fyrir utan sé tilvísunin innihaldslaus þar sem engin grein sé gerð fyrir því á hverju umrætt mat byggðist. Kærandi telur að matskennd niðurstaða sem ekki á sér skýra stoð í texta tollskrár geti ekki verið viðhlítandi grundvöllur fyrir meiriháttar skattalagningu afturvirk um mörg ár.

Kærandi vísar í öðru lagi til áratuga langrar lagaframkvæmdar hér á landi. Frá því að farið var að flytja umrætt efni til landsins á árinu 1989 hafi efnið ávallt verið tollflokkað í tollnúmer sem nú eru 4008.1109 eða 4008.2109, þ.e. tollnúmer sem á leggjast engin aðflutningsgjöld önnur en virðisaukaskattur. Slíkri athugasemdalausri framkvæmd verður að mati kæranda ekki breytt nema með lögum eða hið minnsta með tilkynningu til innflytjenda um fyrirhugaða breytta framkvæmd. Með framkvæmdinni hefur tollstjóri í verki samþykkt að ekki skuli leggjast á vöruna önnur aðflutningsgjöld en virðisaukaskattur. Að síðastnefndri málsástæðu kæranda er vikið í umsögn um andmæli hans á bls. 10 í úrskurðinum en þar segir orðrétt:

„Því er fyrst til að svara að þær aðflutningsskýrslur sem um ræðir í máli þessu voru tollafgreiddar rafrænt (SMT). Í þeim tilvikum berast tollstjóra engin bókhaldsgögn og á því sér ekki stað nein skoðun á þeim fyrir tollafgreiðslu, nema í þeim tilvikum þegar tollstjóri kallar sérstaklega eftir þeim. Heimildir tollstjóra til endurákvörðunar í slíkum tilvikum nær til 6 ára samkvæmt 111. gr. tollalaga nr. 88/2005. Ekki er því hægt að fallast á að tollstjóri hafi sýnt athafnaleysi í máli þessu og samþykkt með því tollflokkun á þeirri vöru sem hér um ræðir.“

Með vísan til þess sem hér að framan hefur verið rakið er tilvitnaður rökstuðningur haldlítill. Umrædd vara hafði verið flutt til landsins samfelt í um áratug áður en rafræn tollskýrslugerð kom til. Allan þann tíma voru frumgögn afhent til tollyfirvalda og útilokað annað en að hefðbundnar vöruskoðanir hafi reglubundið átt sér stað fyrir tollafgreiðslu. Tollskýrslurnar og viðfest fylgigögn, sem lagðar eru fram sem sýnishorn á fskj. 16, sýna að ekki var um það að ræða að röngum gögnum hafi verið skilað og þannig villt um fyrir tollayfirvöldum. Í vörureikningunum kemur ávallt skýrt fram að þeir séu vegna undirlags (e. „underlay“). Kærandi leggur einnig áherslu á að framkvæmdin sem hér um ræðir átti ekki eingöngu við um kæranda heldur einnig aðra innflytjendur í greininni. Kæranda er kunnugt um að a.m.k. fyrirtækin G., H. og B. hafi tollflokkað sömu eða sambærilega vöru í sama tollnúmer og kærandi. Tollstjóri hefur kveðið upp sambærilega úrskurði um endurákvörðanir í þeirra tilvikum.

Kærandi telur ennfremur ástæðu til að láta þess getið að samkvæmt áreiðanlegum heimildum hafi tollstjóri gert athugun hjá enn öðru fyrirtæki, S., á árinu 2003 og komist að niðurstöðu um að sambærilegt efni bæri ekki vörugjald. Þar sem um rafræna tollskýrslugerð var að ræða mun hafa verið kallað eftir frumgögnum og sýnishornum af efninu. Sú úttekt leiddi ekki til endurákvörðunar aðflutningsgjalda og munu vera til tölvupóstsamskipti milli forsvarsmanns fyrirtækisins og starfsmanns tollstjóra, þessu til staðfestingar. Í því tilviki var um að ræða plast- eða svampefni af því tagi sem er að finna á fskj. nr. 14 með kæru G.. Efnið mun hafa verið tollflokkað í tollnúmer 3921.1902 og sú flokkun ekki sætt athugasemdum. Ljóst sé að varan er sambærileg öðrum vörum sem sýnishorn eru af í máli G. og vörurnar ætlaðar til sömu nota. Kærandi væntir þess að athuganir sem þessar séu skráðar og tollstjóri geti lagt fram gögn um athuginina og umrædd samskipti. Að mati kæranda er þetta tilvik staðfesting á því að sú afstaða tollstjóra til tollflokunar hinnar umdeildu vöru sem birtist í hinum kærða úrskurði er ný af nálinni og skýr breyting frá áralangri framkvæmd.

Í hinum kærða úrskurði er því haldið fram sem röksemd gegn sjónarmiðum kæranda að honum hefði verið nær að óska eftir bindandi álit tollstjóra á álitafninu, hafi hann verið í óvissu um tollflokk. Kærandi telur að niðurstaða verði ekki byggð á röksemd af þessu tagi. Kærandi var í fyrsta lagi aldrei í vafa um tollflokkunina enda var hún í samræmi við upplýsingar frá tollstjóra og margítrekuðum og athugasemdalausum tollafgreiðslum embættisins. Þá er ljóst að ákvæði um bindandi álit tollayfirvalda er einungis heimildarákvæði og upprunalega ætlað sem úrræði fyrir þá sem höfðu til skoðunar að hefja innflutning og þurftu á því að halda að vita fyrirfram hvar þeir stæðu gagnvart tollayfirvöldum. Á þeim tíma er umræddu fyrirkomulagi var komið á var ekki um rafræna tollskýrslugerð að ræða. Lagaheimild til endurákvörðunar aðflutningsgjalda mörg ár aftur í tímann sem vísað er til í hinum kærða úrskurði er því síðar til komin. Það hefði verið sérkennilegt og óþarft að mati kæranda að óska eftir bindandi álit á því hvernig bæri að tollflokka vöru sem var hvort eð er formlega tollafgreidd af tollayfirvöldum, réttilega upplýstum um eðli vörunnar með framvísun tilheyrandi gagna.

Að síðustu áréttar kærandi að hann hefur um árabíl flutt inn hina umdeildu vöru, framvísað til tollayfirvalda tilskildum gögnum á hverjum tíma og fengið hana tollafgreidda í góðri trú um að afgreiðslan hafi verið rétt. Hann hafði aldrei ástæðu eða tilefni til að ætla annað. Úrskurðurinn felur í sér endurákvörðun á aðflutningsgjöldunum mörg ár aftur í tímann og ljóst að kærandi hafði engar forsendur til að gera ráð fyrir umræddum gjöldum við verðlagningu vörunnar. Gera verður kröfur til þess að svo íþyngjandi úrskurðir styðjist við skýra og ótvíræða lagaheimild. Mannréttindasjónarmið leiða til þess að lagaheimildin þurfi að vera þannig úr garði gerð að sá sem ákvörðunin beinist gegn hafi með sanngirmi átt að geta áttað sig á skattskyldunni fyrirfram og gert ráðstafanir með tilliti til

hennar. Þetta skilyrði er að mati kæranda ekki uppfyllt í málinu. Í öllu falli er ljóst að verulegur vafi leikur á um túlkun tilgreindra ákvæða tollskrárinnar. Slíkan vafi ber að skýra kæranda í hag.

Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Kæran var send tollstjóranum í Reykjavík til umsagnar með bréfi þann 2. ágúst 2007. Í svari sem barst nefndinni þann 20. september 2007 segir m.a. að umrædd gólfefni séu af fjórum mismunandi gerðum sem flokkast í vörulíð 4008 og er ekki um það ágreiningur. Hins vegar sé ágreiningur um hvort flokka eigi efnin í tollskrárnúmer (tnr.) 4008.1101 og tnr. 4008. 2101 eins og embættið telur eða í tnr. 4008.1109 og 4008.2109 sem er krafa kæranda.

Þá segir í greinargerð tollstjóra að hann vefengi ekki yfirlýsingu tveggja aðila sem hafa unnið við innflutning á þessum efnum um árabíl. Í nefndri yfirlýsingu staðfesta þeir að þessi efni hafi ávallt verið flutt inn í tnr. 4008.1109 eða 4008.2109. Enda leggi kærandi fram tollskýrslu frá árunum 1997 – 2000 sem styðja það. Hins vegar sé ekki gerð krafa af hálfu tollstjóra um greiðslur af þeim sendingum og ekkert liggi fyrir um það að embættið hafi lagt blessun sína yfir þá tollflokkan að yfirlögðu ráði, s.s. í kjölfar vöruskoðunar.

Tollstjóri telur skýringar kæranda við orðalagið “gólfefni” veikburða. Í því sambandi bendir hann á að þessi efni séu klædd á gólf þó þau séu ekki yfirborðsefni. Verði ekki séð að orðalagið “gólfefni” í tollskránni vísi eingöngu til yfirborðklæðningar heldur allra efna er ætlað er að klæða með gólf. Það sé því ótvírætt að mati embættisins að hér beri að túlka orðalagið gólfefni vítt og flokka beri efnin eftir tegundum í tnr. 4008.1101 eða 4008.2101.

Hvað varaðar athugun embættisins hjá fyrirtækinu S. á sambærilegu efni, sem kærandi vísar til segir tollstjóri að í ljós hafi komið að það efni flokkaðist í tnr. 3921.1902 sem klæðningarefni. Hafi sú flokkun ekki sætt athugasemdum. Í þessu sambandi skal tekið fram að sú vara er úr plasti og flokkast því í annan kafla tollskrárinnar.

Þá ber þess að geta að farið hefur verið yfir allar skráningar vegna vöruskoðunar hjá fyrirtækinu allt frá árinu 2002. Við þá athugun kemur í ljós að tvisvar hafa efni sem P. flytur inn, DamTec-Rubber og Multitex, verið tekin til vöruskoðunar. Þetta var á árinu 2006. Athugasemd var gerð við tollflokkan í báðum tilfellum og efnin flokkuð í tnr. 4008.1101.

Embættið geri því þá kröfu að úrskurður tollstjórans nr.17/2007 verði staðfestur.

Greinargerð tollstjóra var send kæranda til umsagnar með bréfi þann 24. september 2007. Í svari sem barst nefndinni þann 22. október 2007 segir m.a. að í greinargerðum tollstjóra, sem hver um sig sé rúmlega ein síða að lengd, sé einungis að óverulegu leyti vikið að þeim málsástæðum og lagarökum sem fram voru sett í kærum umbjóðenda hans. Þá segir að í öðrum kafla greinargerðar tollstjóra sé vikið að yfirlýsingu frumkvöðla innflutnings á þessum efnum og ekki dregið í efa að framkvæmdin hafi verið með þeim hætti sem lýst er í umræddum yfirlýsingum, enda fylgdu gögn því til staðfestingar. Tollstjórinn virðist hins vegar telja að þessi framkvæmd skipti engu máli þar sem ekkert liggi fyrir um að embættið hafi lagt blessun sína yfir umrædda tollflokkan, svo sem í kjölfar vöruskoðunar.

Kærandi segir umbjóðendur sína telja að áralöng framkvæmd við tollflokkan á umræddri vöru skipti umtalsverðu máli við úrlausn þessa ágreiningsefnis. Líkt og fram komi í kærum umbjóðenda hans þá höfðu vörur af þessari tegund verið fluttar til landsins í a.m.k. áratug áður en rafræn tollskýrslugerð kom til. Tollyfirvöld fengu því frumgögn afhent til skoðunar allan þann tíma og afar ólíklegt annað en að vöruskoðanir hafi átt sér stað einhvern tímann á þessu langa tímabili hjá einhverjum þeirra aðila sem að innflutningi vara af þessu tagi stóðu. Hafa verður í huga í þessu sambandi að nokkur fjöldi fyrirtækja hefur flutt inn sambærilegar vörur í áraðir og tollflokkað vörurnar með sama hætti. Ef einhver vafi verður yfir höfuð talinn leika á því hvernig beri að tollflokka vörurnar hlýtur þessi athugasemdalaus framkvæmd að skipta umtalsverðu máli.

Þá segir að umbjóðendur kæranda hafi ekki tök á að afla gagna um vöruskoðanir sem kunna að hafa farið fram fyrir fjölda ára síðan. Í greinargerð tollstjórans sé tekið fram að ekkert liggi fyrir um að

vöruskoðanir hafi farið fram á vegum embættisins. Engar upplýsingar séu hins vegar lagðar fram um það hvort ítarleg úttekt hafi farið fram á þessu af hálfu embættisins. Hins vegar liggja fyrir upplýsingar um a.m.k. eitt mál sem umbjóðendur kæranda bentu á í kærum sínum. Það sé vöruskoðun sem fór fram hjá fyrirtækinu S. á árinu 2003. Í því tilviki var um að ræða innflutning á hljóðeinangrandi undirlagi af því tagi sem deilt er um í þessu máli. Undirlagið var hins vegar talið að meginhluta til úr plasti og því flokkað af innflytjanda í tnr. 3921.1902 sem efni til klæðningar eða hitaeinangrunar. Að lokinni vöruskoðun var ekki talin ástæða til athugasemda við þessa tollflokkun. Í greinargerð tollstjóra er þessi tilvísun í kærnum afgreidd með því einu að taka fram að umrætt efni hafi verið úr plasti og því flokkað í annan kafla tollskrárinnar.

Kærandi segir umbjóðendum sínum það ljóst að efnið var flokkað í annan kafla tollskrárinnar. Sá kafli hafi hins vegar einnig að geyma lið fyrir gólfefni, þ.e. tnr. 3918.1001. Enginn vafi leikur á því að það efni sem hér um ræddi var ætlað til nákvæmlega sömu nota og er sambærilegrar tegundar og þau efni sem eru tilefni hinna kærðu úrskurða. Það er því ljóst að ef röksemdir tollstjóra fyrir því að flokka beri undirlagið sem umbjóðendur hans fluttu inn sem gólfefni standast þá hefði að sama skapi átt að flokka undirlagið sem Stepp ehf. flutti inn sem gólfefni. Þar getur engu máli skipt hvort efnið er að uppistöðu til úr plasti, gúmmíi, korki eða öðru efni. Að mati umbjóðenda minna er umrædd vöruskoðun því enn frekari staðfesting á áralangri framkvæmd við tollflokkun á hljóð- og hitaeinangrandi undirlagi. Slíkt efni hefur ekki fyrr en nú nýverið verið flokkað sem gólfefni og því ekki borið vörugjald.

Þá segir að í greinargerð tollstjóra sé vikið að því að orðskýringar kæranda sem teknar voru úr orðabók Eddu séu veikburða. Í því sambandi er bent á að undirlagið sé notað til klæðningar á gólfi þótt ekki sé það yfirborðsefni. Ef leggja ætti þennan skilning tollstjórans á orðinu gólfefni til grundvallar þá má væntanlega fella þar undir hvers kyns efni sem nota má á gólfleti, svo sem spartl, gólfplakk, epoxy gólfmálningu o.s.frv. Kærandi segir það hafa verið tilgang sinn að vekja athygli ríkistollanefndar á, með að vísa til orðabókar Eddu, að það sé í samræmi við almenna málvenju á þessu sviði. Gólfefni sé í huga flestra yfirborðsefni eins og dúkur, teppi og parket en ekki undirlag eða fylgihlutir.

Kærandi segir að þegar litið sé til áralangrar athugasemdalausrar framkvæmdar, textaskýringar og áður nefndrar vöruskoðunar Tollstjóra á árinu 2003 verði að telja að umbjóðendur sínir hafi mátt treysta því að umrædd tollflokkun væri rétt. Ósamræmi í afstöðu tollstjórans til þess hvað teljist gólfefni í þessu sambandi styrkir þá niðurstöðu enn frekar. Í öllu falli verður að telja að verulegur vafi leiki á því hvernig ber að túlka tollskrána að þessu leyti. Slíkan vafa ber að virða umbjóðendum mínum í hag enda um afar íþyngjandi ákvörðun að ræða.

Að lokum segir kærandi að vegna tilvísana tollstjóra til nýlegra vöruskoðana þá telja umbjóðendur mínir ljóst að þær vöruskoðanir geti engin áhrif haft við mat á réttmæti þeirra tollafgreiðslna sem deilt er um í málinu. Kærandi telur afstöðu tollstjórans vera nýmæli sem felur í sér verulega breytingu á fyrri framkvæmd. Þessi breytta afstaða geti engin áhrif haft við mat á tollafgreiðslu sendinga sem fram fór áður en umræddar vöruskoðanir áttu sér stað. Að öðru leyti en hér greinir er vísað til þess er fram kemur í kærinni.

Ríkistollanefnd hefur haldið fundi um málið og kynnt sér þau gögn sem lögð hafa verið fram. Í máli þessu er deilt um tollflokkun á gúmmífrúðdúk sem notaður er m.a. sem undirlag fyrir parket og svipuð gólfefni. Umbjóðandi kæranda hafði flutt vöruna inn um árabíl og tollflokkað vöruna í tnr. 4008.1109 eða tnr. 4808.2109. Tollstjóri breytir tollflokkinum í tnr. 4008.1101. Kærandi krefst þess að hinn kærði úrskurður verði felldur úr gildi.

Við lestur endurákvörðunar tollstjóra vekur það athygli hve rökstuðningur fyrir hinni breyttu tollflokkin eru lítill. Í endurákvörðuninni segir aðeins að embættið telji að aðflutningsgjöld af umræddum sendingum hafi ekki verið rétt ákvörðuð við tollafgreiðslu. Því hafi verið ákveðið að endurákværða aðflutningsgjöld af umræddum sendingum í samræmi við 3.tl. 5.mgr. 99. gr. tollalaga nr. 55/1987. Enginn frekari rökstuðningur er tiltekinn fyrir breytingunni.

Ljóst er með vísan til 22. gr. stjórnsýslulaga að stjórnvaldi er skylt að tilgreina þau meginsjónarmið sem liggja að baki ákvörðun sinni, en í 22. gr. segir m.a. "Í rökstuðningi skal vísa til þeirra réttarreglna sem ákvörðun stjórnvalds er byggð á. Að því marki sem ákvörðun byggist á mati, skal í rökstuðningnum greina frá þeim meginsjónarmiðum sem ráðandi voru við matið. Þar sem ástæða er til skal í rökstuðningi einnig rekja í stuttu máli upplýsingar um þau málsatvik sem höfðu verulega þýðingu

við úrlausn málsins.” Í endurákvörðun tollstjóra er ekki að finna neinn rökstuðning né gerð grein fyrir sjónarmiðum er búa að baki breyttri tollflokkun vörunnar eins og áður sagði.

Í greinargerð sinni frá 20. september 2007 segir tollstjóri að efni þau sem hér eru til umfjöllunar séu klædd á gólf þó þau séu ekki yfirborðsefni. Ekki verði séð að orðalagið “gólfefni” í tollskránni vísi eingöngu til yfirborðsklæðningar heldur allra efna er ætlað er að klæða með gólf. Það sé því ótvírætt, að mati embættisins, að hér beri að túlka orðalagið gólfefni vítt og flokka beri efnin eftir tegundum í tnr. 4008.1101 eða 4008.2101. Hins vegar rökstyður tollstjóri ekki nánar hvers vegna eigi að túlka orðalag tollskrárnúmersins á þann veg sem hann gerir.

Texti tollskrárnúmersins 4008 segir:

	A	E
	%	%
4008 Plötur, blöð, ræmur, stengur og prófílar, úr vúlkaníseruðu gúmmíi, þó ekki harðgúmmíi:		
--- Úr holgúmmíi:		
--- --- Plötur, blöð og ræmur:		
4008.1101 --- --- Gólfefni og veggfóður	5	0
4008.1109 --- --- Annað	0	
4008.1900 --- --- Annað.....	0	
--- Úr öðru en holgúmmíi:		
--- --- Plötur, blöð og ræmur:		
4008.2101 --- --- Gólfefni og veggfóður	5	0
4008.2109 --- --- Annað.....	0	
4008.2900 --- --- Annað.....	0	

Í tollnúmeri 4008.1101 og 4008.2101 eru nefnd gólfefni og veggfóður. Ekki verður um það deilt að veggfóður er yfirborðsefni. Það er því ekki fráleitt að ætla að gólfefni sem nefnd eru í sama tollskrárnúmerinu séu það líka. Að mati ríkistollanefndar er ekkert í orðalagi tollnúmersins sem útilokar að svo sé ekki. Nefndarmenn sjá ekki að tollskráin gefi tilefni til að túlka beri orðið “gólfefni” vítt. Ríkistollanefnd tekur og undir sjónarmið kæranda þegar hann vísar í orðabók og til almennrar málvenju um skilning á orðinu gólfefni.

Þá verður að taka sanngjarnt tillit til þess að vara þessi hefur verið flutt inn um árabíl og tollflokkuð í tnr. 4008.1109, af aðilum sem hafa verið mjög stórir á þessum markaði. Þessi innflutningur hefur verið hnökralaus og ekki sætt athugasemdam af hálfu tollstjóra. Til að víkja frá tollflokkuð vöru sem byggir á áralöngum innflutningi er eðlilegt að gera enn ríkari kröfur en ella til rökstuðnings tollyfirvalda, einkum þegar lítið er til þess að tollstjóri ætlar jafnframt í breyttri tollflokkuð að nýta sér heimild tollalaga og endurákværða gjöld mörg ár aftur í tímann.

Ljóst er að ákvörðun tollstjóra um að túlka beri orðalag tollskrárnúmersins 4008.1101 og 4008.2101 vítt er mjög íþyngjandi fyrir umbygðanda kæranda. Nefndarmenn geta ekki fallist á það með tollstjóra að orðalag tollskrárnúmersins gefi tilefni til slíkrar niðurstöðu.

Með vísan til ofanritaðs er niðurstaða ríkistollanefndar sú að hin kærða endurákvörðun tollstjóra er felld úr gildi. Það er samdóma álit ríkistollanefndar að orðalagið gólfefni í tollskrá taki aðeins til yfirborðsefna. Flokka ber umrædda vöru í tnr. 4008.1109 ef hún er úr holgúmmíi og úr öðru en holgúmmíi í tnr.4008.2109, úr endurunnu gúmmí í tnr. 4003.0009.

Ríkistollanefnd kveður upp svofelldan úrskurð. Með vísan til 1. mgr. 118. gr. tollalaga nr. 88/2005 er hinn kærði úrskurður tollstjóra nr. 17/2007 felldur úr gildi. Flokka ber umrædda vöru ef hún er úr holgúmmíi í tnr. 4008.1109, úr öðru en holgúmmíi í tnr.4008.2109 og úr endurunnu gúmmíi í tnr. 4003.0009.